

## Saurlifnaður – blíðusala Skondin ritdeila í Læknablaðinu 1943

Kveikja ritdeilu þessarar var bréf frá Vilmundi Jónssyni landlækni (VJ) til dómsmálaráðuneytis sem einnig birtist í Heilbrigðisskýrslum ársins 1940 undir fyrirsögninni „Um saurlifnað í Reykjavík og stúlkubörn á glapstígum“. Árni Magnús Pétursson (ÁP) sem þá var trúnaðarlæknir Reykjavíkurbæjar hafði ýmislegt við þessa grein að athuga og ekki stóð á svörum. Þótt tilefni skrifanna væri alvarlegt eru þau á köflum bráðfyndin. Hér birtast glefsur úr skrifum þessum.

Hinn ágæti teiknari Sigurður V. Sigurjónsson læknir var beðinn að teikna mynd er vísaði til vændis á alþingi á Þingvöllum. Úr varð þessi snilldarteikning sem er full af táknrænum tilvísunum. Lesendur geta glímt við að finna þær en e.t.v. verða þær birtar síðar.



Árni Pétursson



Vilmundur Jónsson

ÁP: Það skal virt honum (VJ) til vorkunnar er hann velur þetta orð, „saurlifnaður“, að þau orð sem á íslensku eru látin tákna „prostitution“ (skækju-, hóru-, vændiskvenna-, pútu- og saurlifnaður) eru orðin nokkuð gömul í málinu og hafa því fengið ókvæðismerkingu. Þau geta því ekki talizt heppileg sem fræðiorð; til þess hefir merking þeirra litazt um of af siðgæðishugmyndum þjóðarinnar. Ég mun því í þessari grein nota orðið „blíðusala“ yfir „prostitution“...

VJ: Þá er það fyrst til að taka að með allri virðingu fyrir vísindunum



Séð með girndaraugum Gunnars

Teikning: Sigurður V. Sigurjónsson

beiðist ég engrar afsökunar á þeirri notkun móðurmáls míns að nefna saurlifnað saurlifnað ... en tæpitunguheit þau í Ásta-Brandsstíl sem ÁP stingur upp á eru svo velluleg að ég fæ mig ekki til að nefna í björtu.

ÁP: Í fyrstu málsgrein bréfsins segir VJ Íslendinga hafa stært sig af því, að hér á landi væri ekki eða lítið stunduð blíðusala ... þá væri fróðlegt að fá að heyra um það frá VJ hvaðan hann hefir þetta.

P.Á. VJ: Þessu er fljótsvarað. Ég hafði hér sérstaklega í huga ummæli í bók sem gefin var út ... (fyrir) heimssýningu í New York. ... (Vilhjálmur Stefánsson: Iceland. New York, 1939). Á 119. bls. bókarinnar stendur: „Strictly speaking there is no prostitution.“

ÁP: ... eftir Vilhjálmu Stefánsson, að vísu útlending, en sem er af íslensku bergi brotinn og les íslensku... Reyndar veit ég ekki hvaðan Vilhjálmur hefir þetta og er það skaði. Hann er ókunnugur hér heima af eigin raun. Ég get aftur á móti fullyrt að blíðusala var til hér í Reykjavík fyrir stríð og einnig er mér kunnugt um blíðusölu ísl. kvenna í Kaupmannahöfn fyrir þann tíma... þarf engan að undra það, þótt hér sé eða hafi verið blíðusala. Þetta er ævafornt og alþjóðlegt fyrirbrigði ... Enda þótt fornrit Íslendinga séu ekki sérstaklega rík að heimildum um kynferðismál forfedra og -mæðra okkar þá finnst þó innan um ýmislegt ... Nægir hér að benda á tvennt í sambandi við blíðusölu. Skarphéðinn Njálsson nefnir Hallgerði langbrók útigangspútu í vísu, sem bendir til þess að hann

eða söguritarinn hafi þekkt hugtakið. Í Hávamálum segir svo: „Fagrt skal mæla ok fé bjóða, sás vill fljóðs ást fáa ...“

VJ: Nú heyrir ég í fyrsta sinn þá nýstárlegu fornfræði á borð borna að hér hafi saurlifnaður verið hafður að atvinnu frá upphafi Íslandsbyggðar ... og bætist hér nú tilkomumikill þáttur í landssögunum. Nú má hver maður sjá, að slík greiðasala getur illa eða ekki orðið lífvænleg atvinnugrein nema ... þar sem fjöldi karla fer verulega fram úr fjölda kvenna. Á söguöld ... var hvergi fjölbýli ... nema helst á Alþingi og puntar heldur en ekki upp á mynd þá er við höfum af hinni glæsilegu þjóðarsamkomu vorri, að hóruhús hefur eftir þessu hlotið að vera rekið þar um þingtímann ... Í þessu ljósi verður og ekki torskilið, hvers konar skálar það voru, sem þær reistu „um þjóðbraut þvera“ ... skörungarnir Geirríður á Eyri vestur og Langholts-Þóra. „Geirríður ... sat á stóli og laðaði úti gesti.“

Vísu Skarphéðins sem nefnd er hér að ofan er að finna í 91. kafla Njálss sögu (þó ekki í öllum útgáfum) þar sem sagt er frá för Njálssona og Kára til Grjótar að hitta Þráin Sigfússon og krefja hann um bætur. Þar á bæ var þá Hallgerður og hreytti ónotum í þá bræður.

Vísan fylgir hér með:

Auk munu elda síka  
orð þín mega skorða  
- gjarn seð ek ulf ok örn -  
ekki þessum rekkum.  
Hornkerling ert Hernar  
hrings víðs freka skíða  
Baldr semr Óðins öldu  
útigangs eða púta.